



Reykjavík, 8. mars 2017
R17030007
HBL/bp

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga um niðurgreiðslu á strætókortum fyrir börn

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 28. febrúar 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sindra Smárásonar frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að nýta hluta af fjárveitingum Reykjavíkurborgar til Strætó bs til að niðurgreiða strætókort fyrir börn og bjóði upp á þann valmöguleika fyrir árið 2018.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg eyðir mörgum milljónum króna árlega í kaup á strætómiðum og er það nýtt sem partur af fjárveitingum borgarinnar til Strætó. Ungmennaráð Árbæjar og Holta vill taka þetta skrefi lengra og nýta fjárveitingar til Strætó í niðurgreiðslu á strætókortum fyrir öll börn í Reykjavík og bjóða foreldrum og börnum upp á þann möguleika fyrir ársbyrjun 2018.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundasviðs. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráðinu verði boðaður á fundin til að fylgja málinu eftir þegar þegar það er tekið fyrir.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
14. MAR. 2017
Málsnr.: SF5 2017-03-0077
Bréfalykill: 2.0



Reykjavík, 18. desember 2017

SFS2017030077

131. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurgreiðsla á strætókortum fyrir börn

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 28. febrúar 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sindra Smárasonar frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að nýta hluta af fjárveitingum Reykjavíkurborgar til Strætó bs til að niðurgreiða strætókort fyrir börn og bjóði upp á þann valmöguleika fyrir árið 2018

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að Reykjavíkurborg eyði mörgum milljónum árlega til kaupa á strætómiðum til barna og unglunga. Tillagan gengur út á að nýta þá fjármuni í að niðurgreiða strætókort fyrir öll börn í borginni frá og með ársbyrjun 2018.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur rýnt greiðslur SFS til Strætó bs og er kostnaður sviðsins vegna ferða barna og unglunga til að komast til og frá grunnskóla um 6 milljónir á ársgrundvelli.

Fjöldi nemenda sem fá strætókort til að komast til og frá grunnskóla eru u.þ.b. 100.

Frístundamiðstöðvar kaupa strætókort fyrir 2 milljónir vegna ferða barna í sumarstarfi frístundamiðstöðvanna á ári.

Auk þessa fá leikskólar og grunnskólar SFS skólakort frá Strætó bs sem þeir geta notað fyrir hópa barna og unglunga og ferðast utan háannatíma strætisvagnanna þ.e. frá um kl. 9-15 og er hámark í hverjum hópi um 25 börn. SFS greiðir ekki fyrir þessi skólakort.

Árskort hjá Strætó bs kosta:

Árskort 12-17 ára (Nema- og frístundakort) 20.700 kr.

Árskort 6-11 ára (Frístundakort) 8.200 kr.

Fjöldi barna og unglunga 6-17 ára í Reykjavík:

Fjöldi barna 6-11 ára (1.-5. bekkur): 7.920

Fjöldi barna 12-16 ára (6. – 10. bekkur): 6.916

Fjöldi ungmenna 17 ára: 1.350

Ef kostnaður við strætókort/árskort fyrir öll börn og ungmenni 6-17 ára væri tekið saman þá er það rúmar 236 milljónir á ársgrundvelli.

Kostnaður við árskort í strætó f. börn og unglinga í Reykjavík			
	Fjöldi	verð	Samtals
6-11 ára	7.920	8.200	64.944.000
12-16 ára	6.916	20.700	143.161.200
17 ára	1.350	20.700	27.945.000
	16.186		236.050.200

Leitað var eftir upplýsingum frá Strætó bs um fjölda barna og ungmenna 6-17 ára sem kaupa árskort í Reykjavík greint eftir árgöngum. Því miður var ekki hægt að fá þessar upplýsingar greindar eftir sveitarfélögum eða niður á aldur en eins og sjá má í meðfylgjandi töflu voru 7.274 árskort keypt árið 2016 fyrir börn og ungmenni 6-17 ára á höfuðborgarsvæðinu, sem er um 12% fjölgun milli ára 2015-2016.

Fjöldi árskorta á höfuðborgarsvæðinu	2015	2016
Krakkakort (6-12 ára)	588	739
Ungmennakort (12-17 ára)	3.861	4.519
Samtals:	6.464	7.274

Miðað við ofangreindar upplýsingar er heildarkostnaður SFS við ferðir með Strætó bs fyrir börn og unglinga 8 milljónir á ári en kostnaður við árskort fyrir öll börn 6-16 ára væri 208 milljónir. Þessar 8 milljónir eru að nýtast í ferðir nemenda til og frá skóla vegna lögbundins náms þ.e. þeirra nemenda sem búa utan ákveðins ræðis frá skóla. Einnig fyrir þau börn sem taka þátt í sumarstarfi frístundamiðstöðvanna. Þessi upphæð, 8 milljónir, dugar því skammt til að niðurgreiða strætókort fyrir öll börn í Reykjavík eins og tillaga Reykjavíkurráðs ungmenna gengur út á.



Reykjavík, 8. nóvember 2018

SFS2017030077

147. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna vegna niðurgreiðslu á strætókortum fyrir börn

Tillaga Reykjavíkurráðs ungmenna um niðurgreiðslur á strætókortum fyrir börn var lögð fyrir skóla- og frístundaráð 10. janúar 2018 og jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. desember 2017, varðandi tillöguna. Þar kom fram að heildarkostnaður SFS við ferðir með Strætó bs fyrir börn og unglinga er 8 milljónir á ári en kostnaður við árskort fyrir öll börn 6-16 ára í Reykjavík væri 208 milljónir. Þessar 8 milljónir eru að nýtast í ferðir nemenda til og frá skóla vegna lögbundins náms þ.e. þeirra nemenda sem búa utan ákveðins ríðis frá skóla. Einnig fyrir þau börn sem taka þátt í sumarstarfi frístundamiðstöðvanna. Þessi upphæð, 8 milljónir, dygði því skammt til að niðurgreiða strætókort fyrir öll börn í Reykjavík.

Fulltrúar ÍTR og SFS hittu forsvarsmenn Strætó og ræddu tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna og töldu forsvarsmenn Strætó að ef þessi tillaga ætti fram að ganga þyrfti að hækka gjaldskrá annarra miða þ.e. fyrir aðra en börn eða að það kæmu hærri framlög frá sveitarfélögunum sem standa að rekstri Strætó bs.

Þann 22. janúar komu forsvarsmenn Strætó, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs og Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður Strætó á fund Reykjavíkurráðs ungmenna og var mikil ánægja með þann fund. Einnig kom fram að mikill áhugi er á reglulegu samráði bæði hjá ungmennum og fulltrúum Strætó t.d. með árlegum fundum þar sem farið væri yfir málin. Ungmennu eru stærsti notendahópur Strætó og því mikilvægt að vera í góðu samráði, framkvæmdastjóri Strætó benti á ábendingargátt Strætó og hvatti Reykjavíkurráð til að notfæra sér gáttina til að koma ábendingum á framfæri.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem var frestað á fundi skóla- og frístundasviðs 10. janúar 2018:

Lagt er til að eftirfarandi tillaga Sindra Smárásonar, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta verði lögð fram til formlegrar afgreiðslu undir þessum lið.

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að nýta hluta af fjárveitingum Reykjavíkurborgar til Strætó bs. til að niðurgreiða strætókort fyrir börn og bjóði upp á þann valmöguleika fyrir árið 2018.“